



Bæjarráð Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 15. ágúst 2023
Mál nr. 2023080246

Efni: Íþróttakennsla fyrir nemendur í 7.-10. bekk í Holtaskóla skólaárið 2023-2024

Nemendur í 7.-10. bekk í Holtaskóla verða við nám í Keili skólaárið 2023-2024. Starfandi skólastjóri Holtaskóla hefur óskað eftir heimild til að leigja sal í Sporthúsinu sem stendur nálægt húsnæði Keilis og kenna þar annan íþróttatímann af tveimur á viku í Sporthúsinu.

Nemendur skólans munu þar hafa aðgang að 220 fermetra sal á efri hæð Sporthússins og tækjabúnaði. Einnig munu þeir geta nýtt aðra Sali stöðvarinnar í samráði við stjórnendur Sporthússins, s.s. Spinning o.fl.

Með þessari ráðstöfun þarf ekki að flytja nemendur jafn oft niður á Sunnubraut með ærnum tilkostnaði og raski á skóladegi nemenda. Frekari rökstuðning má finna í meðfylgjandi bréfi rituðu af starfandi skólastjóra Holtaskóla.

Kostnaður vegna leigu í Sporthúsinu samkvæmt tilboði er 7.464.000 kr. fyrir allt skólaárið 2023-2024. Á móti sparast kostnaður við akstur sem að lágmarki yrði 3.400.000 kr. Um er því að ræða raunkostnað upp á 4 milljónir kr.

Helgi Arnarson
Sviðsstjóri menntasviðs

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni